Seðlabanki Íslands

Efnahagshorfur 2015/16

ÍMARK spáin 2015/16
Arion banka 15. janúar 2015

Þorvarður Tjörvi Ólafsson
Hagfræðingur hjá Seðlabanka Íslands

Skoðanir eru höfundar og þurfa ekki að endurspegla afstöðu eða stefnu Seðlabanka Íslands.

Efnahags-horfur 2015/16

Nýliðið ár í samanburði við hagspánna fyrir ári síðan

Fyrir ári síðan voru skilaboðin þessi*

Nauðsynleg aðlögun undirstaða efnahagsbata

- Byggist á vandasamri tilfærslu vinnuafls og fjármagns til útflutnings-greina auk endurskipulagningar skulda til að koma verðmæta-sköpun og efnahaglegri stöðu innlendra aðila á traustari grunn

Æskileg markmið í efnahagsmálum

- Saman fari burðugt efnahagslíf og þjóðhagslegur stöðugleiki, markmið sem hafa sjaldan náðst samtímis um viðvarandi skeið hér á landi og því óvíst hversu vel muni takast til að þessu sinni

Aukin en varfærin bjartsýni gagnvart 2014/15

- Í ljósi hagstæðrar þróunar utanríkisviðskipta, vísbendinga um ábyrgari launamyndun og horfur á ágætum hagvexti (liðlega 2½% að meðaltali) væri tilefni til aukinnar en varfærinnar bjartsýni

*Sjá glærur frá erindi í fyrra á heimasíðu SÍ: http://www.sedlabanki.is/library/Skr%C3%A1arsafn/R%C3%A6%C3%B0ur--erindi-og-greinar/Glaerur_ThTO912014.pdf

2014: áframhaldandi bati og loks jafnvægi

Efnahags-bati

- Meiri hagvöxtur en meðal flestra helstu viðskiptalanda
- Fjölgun starfa og verulegur vöxtur í kaupmætti launa
- Efnahagur innlendra aðila hélt áfram að styrkjast

Innra jafnvægi

- Verðbólga og verðbólguvæntingar við eða undir markmiði
- Slakinn við það að hverfa á vinnu-markaði og í framleiðslu
- Eiginfjárhlutföll einkageira að færast í eðlilegt horf

Ytra jafnvægi

- Viðskiptaafgangur við útlönd
- Batnandi hrein erlend skuldastaða
- Hagfelldari greiðslu-jafnaðarhorfur

… en nú eru blikur á lofti



Efnahags-horfur 2015/16

Spá Seðlabankans í *Peningamálum* 2014/4 og nýir hagvísar

Hagvaxtarþróunin í fyrra

- Hagvöxtur reyndist einungis 0,5% á fyrstu þremur ársfjórðungum síðasta árs samanborið við spá Seðlabankans um 1,5% vöxt frá því í nóvember sl.
- Minni hagvöxtur stafar einkum af minni vexti einkaneyslu og heldur minni fjárfestingu
- Því líklegt að hagvöxtur verði nokkru minni á árinu í heild en sá 2,9% vöxtur sem búist var við

Þjóðhagsreikningar fyrstu þrjá ársfjórðunga 2014 og spá Seðlabankans í Peningamálum 2014/4



Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Útlit fyrir ágætan vöxt einkaneyslu í ár

- Hagstæð þróun helstu drifkrafta einkaneyslu, hvort sem litið er til kaupmáttar launa, atvinnu, eiginfjárstöðu, væntinga eða annarra þátta
- Í nóvemberspá Seðlabankans var búist við liðlega 4% vexti einkaneyslu í ár en enn meiri aukningu í kaupmætti ráðstöfunartekna

Einkaneysla og kaupmáttur ráðstöfunartekna 2000-2017[1]



1. Grunnspá Seðlabankans 2014-2017
Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Einkaneysla og eigið fé heimila 2004-2014[1]



1. Punktarnir sýna spá Peningamála 2014/4.
Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Aukin fjárfesting í lykilhlutverki

- Mikilvægt að fjárfestingarumsvif hafa farið vaxandi undanfarin misseri og búist er við að framhald verði þar á - til marks um árangur þeirrar aðlögunar sem þegar hefur farið fram
- Bjartsýni í methæðum meðal stjórnenda stærstu fyrirtækja í árslok í fyrra
- Traust og fyrirsjáanleiki kjöraðstæður fjárfestingar – aukin óvissa dragbítur hennar

Þróun fjármunamyndunar og framlag helstu undirliða hennar 2010-2017[1]



1. Grunnspá Seðlabankans 2014-2017.
Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Vísbendingar um atvinnuvegafjárfestingu[1]

1. ársfj. 2007 - 1. ársfj. 2015



1. Efri og neðri mörk fimm vísbendinga um atvinnuvegafjárfestingu. Vísbendingarnar eru innflutningur fjárfestingarvöru á föstu verði og svör við fjórum spurningum úr könnun Capacent Gallup meðal 400 stærstu fyrirtækja landsins. Þær spurningar snúa að mati stjórnenda á efnahagshorfum til sex mánaða, hvernig þeir telja innlenda eftirspurn eftir vörum eða þjónustu þeirra fyrirtækis munu þróast á næstu sex mánuðum, hvort þeir telji að fjárfesting þeirra fyrirtækis muni aukast á líðandi ári samanborið við fyrra ár og hvort framlegð fyrirtækisins muni aukast milli ára. Við matið á bilinu eru allar stærðirnar endurskalaðar þannig að þær hafi sama meðaltal og staðalfrávik og fjárfestingin. Skyggða svæðið sýnir tveggja fjórðunga hreyfanlegt meðaltal vísbendinga fjárfestingar tafið um tvo ársfjórðunga.
Heimildir: Capacent Gallup, Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Hagvaxtar- og verðbólguhorfur

- Eftir árangur undangenginna ára erum við komin í þá stöðu að hagvaxtarhorfur eru ágætar í alþjóðlegu tilliti og reyndar einnig í samanburði við meðalhagvöxt sl. þrjátíu ára
- Verðbólga hefur hjaðnað örar en búist var við
- Verkefnið enn sem fyrr að treysta efnahagsbatann og festa nýfenginn stöðugleika í sessi

Hagvöxtur og framlag undirliða 2010-2017[1]



1. Grunnspá Seðlabankans 2014-2017.
Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Verðbólguspá og óvissumat
1. ársfj. 2012 - 4. ársfj. 2017



Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.